



Borgarstjórn

***Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað vegna bæklings um húsnæðismál - umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar***

Á fundi borgarstjórnar 17. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað vegna bæklings um húsnæðismál:

*„Í dag, ellefu dögum fyrir Alþingiskosningar, lætur Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, dreifa fjörutíu blaðsíðna riti á öll heimili í Reykjavík með áróðri um húsnæðismál sem er eitt helsta kosningamálið í komandi kosningum. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þessi vinnubrögð enda er með öllu ótækt að borgarstjóri noti almannafé í pólitískum tilgangi með slíkum hætti. Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað við þennan kosningabækling.“*

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Á síðasta samdráttaskeiði kom það berlega í ljós að þekking uppbyggingaraðila á stöðu uppbyggingarverkefna var ekki nægilega góð og skorti sárlega á betri upplýsingum og öflugri miðlum á þeim.

Allt frá því að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar var stofnuð hefur það verið eitt af megin verkefnum hennar að tryggja að það sé betri og ríkari þekking á því hvaða verkefni eru í gangi og ennfremur hvaða verkefni eru á teikniborðinu til þess að tryggja að uppbyggingaraðilar hafi góða yfirsýn þegar þeir taka stórar fjárfestingarákvarðanir. Það skiptir máli hvernig íbúðir eru byggðar, í hvaða röð verkefni eru sett í forgang, nýting á mannaúði og atvinnutækjum en síðast en ekki síst að sýna betur samband framboðs og eftirspurnar á hverjum tíma.

Skrifstofan setur því mikla vinnu í að ná saman upplýsingum um það hvað sé að gerast í borginni þegar kemur að uppbyggingu á öllu húsnæði, bæði atvinnu- og íbúðarhúsnæði. Skrifstofan aflar sér víða gagna. Fundað er reglulega með fjölda framkvæmdaaðila og fasteignafélögum, fjármálafyrirtækjum og fleirum. Skrifstofan hefur látið vinna úttektir og einnig reglulegar spurningakannanir sem lúta að eftirspurn og áhuga fólks og tekið þátt í fjölda verkefna með öðrum opinberum aðilum.

Það er alls ekki auðvelt að ná þessum upplýsingum fram því þær liggja dreift og eru margar hverjar ekki í opinberum kerfum. Ársskýrslur byggingafræðinga koma út einu sinni á ári eðli málsins samkvæmt og sýna einungis þau verkefni þar sem bygging er hafin en ekki hvað er yfirvofandi.

Það er erfitt að leggja endanlegt mat á verðmæti þessara upplýsingamiðlunar. Hún skiptir miklu máli fyrir áætlanagerð Reykjavíkurborgar, bæði hvað varðar fjárfestingaáætlun en ekki síður tekjuáætlun, bæði aðalsjóðs megin og eignasjóðs megin. En einnig fyrir samstæðuna alla. Með betri upplýsingum má vinna betri sviðsmyndir til að greina áhættu, þörf á handbæru fé, vinna lántökuáætlanir o.fl.

Upplýsingarnar eru einnig mikilvægar fyrir aðila er skoða hagkerfið í heild, nágrannasveitafélög geta nýtt þær til upplýsinga fyrir sínar uppbyggingaráætlanir, fjármálafyrirtæki nýta þær til þess að skoða bæði útlánaáætlanir og eigin fjárfestingar.

Þá eru þessar upplýsingar ekki síður mikilvægar fyrir almenning og alla þá sem að hyggja á íbúðakaup. Að fá á einum stað einhvers konar tilfinningu fyrir því hvað er að gerast og hvaða möguleikar eru framundan. Íbúðakaup eru stærsta einstaka fjárfesting fyrir langflest fólk.

Til þess að koma þeim upplýsingum sem verið var að safna saman út til uppbyggingaraðila var byrjað að halda kynningarfundir haustið 2013. Síðan þá hafa verið haldnir níu sambærilegir fundir. Á hverju hausti er áhersla lögð á yfirlit yfir þekkt verkefni á sviði íbúðabyggingar en að vori er skoðuð innviðaupbygging og uppbygging á atvinnuhúsnæði í sem víðustum skilningi þar sem í raun allt húsnæði sem telst ekki vera íbúðahúsnæði er undir.

Á upplýsingafundunum er einnig mikil áhersla lögð á að kynna aðalskipulag Reykjavíkurborgar og þær áherslur sem að aðalskipulagið leggur. Þetta er eitt mikilvægasta stefnuskjal borgarinnar og því grundvallaratriði að fjármálastofnanir, fjárfestar og framkvæmdaaðilar þekki þessa stefnu og séu ekki stöðugt að setja tíma og fé í fjárfestingu sem að vinnur gegn meginstefnu borgarinnar.

Þessir fundir eru í stöðugri þróun og hafa þeir tekið breytingum allt eftir því sem að skrifstofan hefur náð tökum á skipulagningu þeirra og þeim áherslum sem rétt þykir að leggja hverju sinni. Tilraunir hafa verið gerðar með að hafa kynningarbása fyrirtækja, fyrirtæki hafa birt upplýsingamyndir af sínum verkefnum, fjöldi sérfræðinga og uppbyggingaaðila hafa stigið á stökk og rætt á breiðum grunni um ýmsa þætti uppbyggingar húsnæðis í Reykjavík. Fundirnir eru undantekningalaust haldnir fyrir fullu húsi fagfólks á sviði húsnæðisuppbyggingar sem sýnir glögglega áhuga þeirra á efni hans.

Það er líka hvergi annarsstaðar tekið saman viðlíka yfirlit yfir þekkt verkefni í Reykjavíkurborg og staða þeirra dregin saman á skýran aðgengilegan hátt. Hér er um ákveðna þjónustu við almenning að ræða með almannahag í huga.

Haustfundur skrifstofunnar var settur á svipaðan tíma og hefur verið undanfarin ár núna síðsumars. Á þeim tíma voru engar upplýsingar um að alþingiskosningar myndu eiga sér stað undir lok október. Á sama fundi var tekin ákvörðun um að vinna bækling þar sem gert væri yfirlit yfir öll þekkt verkefni, bæði á byggingarstigi sem og í þróun. Það er rétt að þess sé getið að á haustfundi 2016 var einnig gefin út bæklingur með yfirlit yfir verkefni en með öðru sniði.

Textagerð samskipti við viðmælendur og úrvinnsla viðtala	138 tímar	2.036.320
Umbrot og hönnun		380.000
Prentun		1.750.000
Dreifing		640.000
Litaleiðréttingar á myndum		20.000
Keyptar myndir af mbl.is		30.000
<b>Samtals:</b>		<b>4.856.880</b>

Hrólfur Jónsson

